

Dagskrá og tillögur til ársfundar Eftirlaunasjóðs FÍA 2026

Ársfundur EFÍA verður haldinn miðvikudaginn 28. maí 2026 kl. 13.00 að Hlíðarsmára 8 í Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins
6. Stjórnarkjör
7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna
8. Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
9. Val endurskoðanda
10. Önnur mál

Tillögur sem liggja fyrir fundinum:

2. dagskrárliður - Ársreikningur

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 28. maí 2026 að ársreikningur fyrir árið 2025 verði samþykktur.

5. dagskrárliður - Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

- a. Grein 4.1, 4. málslíður – Kosning stjórnar

Svona hljóðar greinin í dag:

Hið fyrra ár skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn og seinna árið tvo aðalmenn og einn varamann.

Tillaga:

Tillagan er að breyta fyrirkomulagi á kosningu þannig að eitt árið skal kosið um þrjá aðalmenn til tveggja ára og annað árið skal kosið um þrjá varamenn til tveggja ára.

Ástæða fyrir breytingartillögunni er eftirfarandi: Í dag er fyrirkomulagið með þeim hætti að eitt árið er kosið um einn aðalmann og tvo varamenn og seinna árið er kosið um tvo aðalmenn og einn varamann. Þetta fyrirkomulag hefur valdið vandræðum í ljósi þeirrar reglu að hlutfall hvors kynsins má ekki vera lægra en 40%, bæði meðal aðalmanna og varamanna.

Til að uppfylla regluna um hlutfall hvors kyns í stjórninni hefur núverandi fyrirkomulag valdið því að sum árin hafa einungis frambjóðendur af öðru hvoru kyni átt þess kost að vera kosin í stjórn sjóðsins. Verði breytingartillagan samþykkt munu sjóðfélagar af báðum kynjum eiga þess kost að bjóða sig fram, hvort sem kosið er um aðalmenn eða varamenn í stjórn sjóðsins.

4. málslíður greinar 4.1 myndi þá hljóða svona:

Stjórnarkjör skal fara þannig fram að eitt árið skal kosið um þrjá aðalmenn til tveggja ára og annað árið skal kosið um þrjá varamenn til tveggja ára.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir 4. málslið í grein 4.1 samþykktu sjóðsins skal stjórnarkjör fara fram með þessum hætti á ársfundum 2027, 2028 og 2029: á ársfundi 2027 skal kosið um tvö sæti aðalmanna til eins árs og sæti eins varamanns til tveggja ára. Á ársfundi 2028 skal kosið um sæti þriggja aðalmanna til tveggja ára og sæti tveggja varamanna til eins árs. Á ársfundi 2029 skal kosið um þrjú sæti varamanna til tveggja ára. Að þessu loknu fellur þetta bráðabirgðaákvæði út úr samþykktum sjóðsins.

6. dagskrárliður – Stjórnarkjör

Framboðsfresti lauk með því að sitjandi stjórnarmaður og sitjandi varamenn buðu sig fram. Engin önnur framboð bárust. Því er sjálfkjörið í stjórn EFÍA.

Sjálfkjörnir í stjórn EFÍA sem aðalmenn eru:

- Salvör Egilsdóttir

Sjálfkjörinn í stjórn EFÍA sem varamaður er:

- Arna Óskarsdóttir
- Gauti Sigurðsson

7. dagskrárliður – Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Í stjórn EFÍA eiga sæti tveir aðalmenn og tveir varamenn sem Ícelandair tilnefndir til eins árs.

Stjórnarmenn tilnefndir af Ícelandair 2026:

Aðalmenn tilnefndir til eins árs:

- Sigrún Hjartardóttir

Laun stjórnarmanna:

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 28. maí 2026 að stjórnar- og nefndarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Tillaga um þóknun stjórnarmanna og fyrir setu í endurskoðunarnefnd:

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

- Formaður 431.949 kr.
- Varaformaður 323.962 kr.
- Stjórnarmaður 215.972 kr.
- Varamenn, ef þeir taka sæti 215.972 kr.
- Varamenn (fyrir hvern fund) 69.112 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

- Stjórnarmaður 69.112 kr.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér að þóknun hækkar um 5,77% frá fyrra starfsári. Venju samkvæmt er vegna þeirrar hækkunar litið til tveggja atriða, annars vegar meðaltal hækkunar félaga sem eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands, en sú hækkun nemur 4,74%. Hins vegar er litið til hækkunar á launavísitölu sem hefur hækkað um 6,8% á tímabilinu.

8. dagskrárliður – Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Vegna breytingu á lögum liggur fyrir að ef það á að skipa einstaklinga í endurskoðunarnefnd sem eru ekki stjórnarmenn, þá skulu þeir tilnefndir í endurskoðunarnefnd af ársfundi lífeyrissjóðs.

Stjórn sjóðsins gerir það að tillögu sinni að:

- Sigríður Einarsdóttir, og
- Guðlaugur Sigurðsson

verði tilnefnd í endurskoðunarnefnd.

9. dagskrárliður – Val endurskoðanda

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 28. maí 2026 að Davíð Arnar Einarsson, einn eiganda Grant Thornton endurskodun ehf., verði endurskoðandi sjóðsins.

Þetta skjal verður uppfært eftir þörfum og mun liggja fyrir í endanlegri útgáfu tveimur vikum fyrir ársfund.